

Skrá 6. Að koma mjólk í mat

Þjóðháttskráning Þjóðminjasafnsins VI.

Spurt um mjólkurílát, trog, byttur, strokk, smjörílát, skyrkeröld, ostamót, sýruílát og svo framvegis. Um önnur áhöld notuð við mjólkurmat, flautaþyrta, skyrsíur og þess háttar, um tilkomu skilvindna, þvott og hirðingu á mjólkurílátum, sjálfa mjólkurvinnuna, hvernig skilið var, hvernig rennt undan, mismunandi tegundir matar úr mjólkinni, flautir, drafla, o.s.frv. - smjörgerð, geymslu á smjöri, hleypi og gerð hans, skyrgerð, geymslu skyrs, geymslu matvæla í skyri, súrmjólk, ostagerð, sýru, geymslu matvæla í sýru, þjóðtrúaratriði í sambandi við mjólkurvinnu, mjólk í draumi.

A. ÍLÁT OG ÁHÖLD

1. Hvað nefndust öll mjólkurílát einu nafni (klápar eða annað)?

2. a) Lýsið mjólkurtrogi. Hafið eftirfarandi atriði m.a. í huga: Stærð trogsins og gerð. Var hún breytileg? Stuðlaði réttur flái á hliðum mjólkurtrogs að því, að mjólk skildist fyrr en ella? Var á fárra smíða færi að smíða góð mjólkurtrog? Var mót notað við smíðina? Var viður meir valinn í mjólkurtrog en önnur ílát? Voru mjólkurtrog með gati og tappa, t.d. líkt og byttur? Hvar? Á gafli eða hlið? Voru trog merkt fangamarki eiganda og þá fremur húsfreyju en bónda?

b) Voru mjólkurtrog tekin til annarra nota ef á lá, notuð sem laugatrog t.d.?

c) Áttu mjólkurtrog nokkurt annað heiti?

3. a) Hvenær var byrjað að smíða byttur, og hvað nefndust þær í mæltu máli (byttur, balar, bakkar eða annað)?

b) Var eitt frekar öðru, sem studdi að útbreiðslu þeirra, t.d. betra notagildi, notkun garðajárns eða annað?

c) Voru til margar gerðir af byttum (kringlóttar, sporöskjulagaðar o.s.frv.)?

d) Var hætt að setja mjólk upp í trogum, er byttur komu til sögunnar?

4. Var sérstök rjómafata til á hverju heimili? Lýsið henni. Hvað nefndist hún?

5. a) Var strokkur nefndur nokkuð annað (bullustrokkur)? Hvað nefndust einstakir hlutar hans?

b) Voru til strokkar með tveimur bulluhausum, efri og neðri?

c) Þekktust aðrar gerðir af strokkum (sveifarstrokkur, handsnúinir strokkar, strokkar knúnir með vatnsafli o.s.frv.)?

d) Var talað um það, að strokkar væru sígyrtir? Hvað táknaði það?

e) Lýsið gjarðalásum og skýrið frá heitum þeirra (háflás, heillás, stiglæsing, blaðstýfing, fjaðralás o.s.frv.).

6. Lýsið smérfjöl. Var hún kölluð nokkuð annað?

7. Voru sérstakar smérgeymslur á bæjum (kistur, kassar)?

8. Voru vissar stærðir af sméröskjum í notkun (engjaöskjur, ferðaöskjur o.s.frv.)?

9. a) Hvað nefndist ílát, sem skyr var hleypt í (hleypiskirna, skyrkirna skyrkolla, þélkirna, upphleypukerald, heypiskerald, þélkerald, skyrkerald, biðukolla o.s.frv.)? Lýsið skyrkeraldi.
b) Voru mörg skyrkeröld í umferð á meðalbúi?

10. a) Þekktust margar gerðir af skyrgrindum (botn með götum, úr rimlum, úr viðartágum o.s.frv.)?

11. Hvað nefndist spaði, sem hrært var með í skyrná eða sýru (skyrspaði t.d.? Lýsið honum.

12. Hvað nefndist tréfata, sem skyr var fært í á engjar (engjafata, skyrfata t.d.)? Lýsið henni.

13. Voru margar gerðir af skyrnáum? Lýsið þeim. Hvað nefndust minni skyrílát (tunna, kaggi, t.d.)? Var sár nefndur annað, ker t.d.?

14. Hvað nefndist dallur, sem hleypir var geymdur í (lyfjadallur, hleypisdallur, hleypikolla, kæsisdallur t.d.)? Lýsið honum.

15. a) Hvað nefndist ílát, sem ostar voru mótaðir í (ostakirna, ostamót, ostadallur t.d.)? Lýsið því. Voru tréskálar notaðar sem ostamót?

16. Lýsið ostapoka, efni hans og gerð, vefnaði eða prjóni o.s.frv.)?

17. a) Voru sérstakir sýrukútar til á hverju heimili og hafðir með á engjar eða í sjóferðum? Hvað nefndust þeir blöndukútar t.d.)?

b) Voru sýru- eða drykkjarleglar einkum notaðir í kaupstaðarferðum? Hvernig var gengið frá þeim í flutningi?

c) Voru til skinnbelgir sem sýra vara flutt í mili byggða? Hvað nefndust þeir, blöndubelgir t.d.? Lýsið þeim.

18. a) Hvað nefndist ílát, sem sýra var geymd í á heimili (sýruker t.d.)?

b) Var drykkjarsýra geymd í sérstökum ílátum (tvíbytnum t.d.)? Lýsið þeim.

19. Lýsið flautapyrli.

20. Lýsið skyrná. Minnst eftirfarandi atriða:

a) Voru til skyrnáur saumaðar úr hrosshári eða kýrhalahári? Hvernig var hárið verkað og unnið? Hvað var saumurinn kallaður? Hvernig var nálsporið? Hvernig var gengið frá jöðrum?

b) voru skyrnáur prjónaðar? Hvaða efni var notað í þær, togþráður t.d.? Hvernig var hann unninn? ? Hvernig var prjónið, og hvar var það nefnt (garðaprjón, barðaprjón t.d.)?

c) Voru skyrnáur einnig ofnar? Með hvaða vefnaðarvendi, einskeftu t.d.? Hvernig var unnið í uppistöðu og fyrirvaf? Hvernig var dregið í höföld og skeið? Hvernig var gefið upp í (gisið, þétt)? Voru hankar saumaðir á jaðra? Var skyrná kölluð nokkuð annað?

21. Voru strokksíur gerðar með sömu aðferðum og skyrnáur? Voru til strokksíur gerðar úr jurtarótum (rofalíum, melbusku, sumtagi t.d.)? Hvernig? Hvað nefndist strokksía (sill, síill, sígill t.d.)? Var strokksían notuð ein eða með öðru áhaldi (trésveig eða trogi)? Hvað hét það (trygill t.d.)? Lýsið þessu.

22. a) Hvaða efni var notað í mjólkurþvögur? Voru þær saumaðar, þrjónaðar eða gerðar á annan hátt (upp í hönk t.d.)? Lýsið því. Var þvaga nefnd annað, t.d. þvegill? Voru margar þvögur í notkun á hverju búi (pottaþvaga, trogaþvaga o.s.frv.)?

b) Voru farnar sérstakar söluferðir með melrætur í þvögur og þá fremur af konum en körlum? Með hverju var greitt? Var greitt eftir ákveðnum reglum (miðað við þyngd t.d.) eða af handahófi? Hvað nefndist hráefnið (flæðimelur, rofamelur, buska eða annað)?

23. Hvaða áhöld voru notuð til að hreinsa með flóningarpottinn (pottaskafi, pottsteinn, ketilhrífur o.s.frv.)? Lýsið þeim.

24. Hvað nefndust klútar, sem mjólkurtrog voru þurrkuð með (trogaklútar, mjólkuklútar t.d.)? Hvaða efni var í þeim?

25. Hvað nefndust áhöld, sem notuð voru við kálskurð (káljárn, kálbaretti t.d.)? Lýsið þeim.

26. Voru til fastar, gamlar reglur um greiðslu smíðalauna í mjólkurmat, t.d. aususmíði greidd með ausufylli af sméri?

27. Hvernig var skilvindum tekið, er þær komu fyrst í notkun? Báru konur þá mjólk milli bæja, þar sem tók voru á, til að skilja hana?

B. ÞVOTTUR OG HIRÐING

1. a) Hvernig voru mjólkurtrog þvegin og bökuð?

b) Var vandhæfi á að baka trogin við eld (Gufubragð af mjólk t.d.)?

c) Hvernig var farið að því að þétta trog, og hvað var það kallað (að klístra eða annað).

d) Var sjóðandi mjólk hellt í fötur svo steinefni hennar settust í viðinn og auðvelduðu hirðingu?

e) Hvað nefnist vatn, sem hitað var eða notað til þvotta á mjólkurílátum (búverkavatn, búrvatn eða annað)?

f) Hvað nefndist skolavatn (skolvatn) úr mjólkurílátum (búrvatn, ljósavatn eða annað), og hvað var við það gert?

g) Kannast menn við málsháttinn: "Beta er búrvatn en annað vatn"? Hvernig var það notað?

C. MJÓLK

1. Hvað var mjólkurmatur nefndur almennt (hvíta, hvítur matur, mjólkurmatur eða annað)?

2. Hvað nefndist mjólkurvinnna í daglegu tali (athafnir, búverk, búverk, mjólkurverk, málaverk, að koma mjólk í mat o.s.frv.)? Hvernig var mjólkurverkum skipað niður á málum, er eitt tók við af öðru (smérgerð, skyrgerð o.s.frv.)?

3. Var gys gert að bændum, sem höfðu hönd í bagga með búverkum, venju fremur (sbr. Orðin búrsnati)?

4. Hvað nefndist mjólk, er hún kom af stöðli eða úr fjósi (nýmjólk, samfengin mjólk eða annað)?

5. Var sérstakt mjólkurhús á bæjum og hið sama sumar og vetur?

6. Hvernig var trogum raðað í búi eða mjólkurhúsi? Var nokkuð breitt yfir þau?

7. a) Hvað nefndist vinnan við að hella nýmjólk í trog (að hella upp, setja upp eða setja mjólk t.d.)?
- b) Hve lengi var mjólk látin setjast í trogum og hvað var það kallað (að dægra mjólk t.d.)?
- c) Var sauðamjólk látin standa lengur í trogum en kúamjólk (fimmtægruð t.d.)?
- d) Hvað nefndist sú breyting, sem varð á mjólk í trogum (að mjólk skildist, settist t.d.), og hvað var fitulaus mjólk kölluð (undanrenna, undanrenning t.d.)?
- e) Hvað nefndist mjólk, sem búíð var að dægra í trogum (staðin mjólk t.d.)?
- f) Hvernig var staðið að því að hella úr trogum, og hvað var verkið kallað (að renna trogum eða annað)?
- g) Hvað nefndist rjómarák í trogi (baugur, rjómarönd t.d.), og hvernig var hún strokin burtu (með sleikifingri hægri handar t.d.)?
- h) Var börnum stundum gefin hlutdeild í rjómatrogi? Hvað var það kallað eftir magni (að gefa gafl, gefa baug eða annað)? Var þeim einnig boðið að sleikja af fingri, og hvað var það þá kallað (að gefa rjómasleikju t.d.)?
- i) Var rjómatrog gefið sem glaðningur við viss tækifæri t.d. er búíð var að slá (höggva, losa) bæinn úr grasi, þ.e. slá umhverfist bæinn)?

2. a) Hvernig var undanrenna gefin til matar á vetrum, flóuð eða á annan hátt?
- b) Kom fyrir, að undanrenna var seydd í hlaup (rauðseydd)? Hvað nefndist hún þá?

3. Segið frá því, sem sérstætt má kalla í sambandi við matreiðslu sauða- eða geitamjólkur (sauðaábristir, sauðaþykkni o.s.frv.)

4. Lýsið flautagerð. Hvað var hún kölluð (að hræra, þeyta flautir eða annað)?

5. Voru brotin leirilát soðin saman í mjólk?

6. Hvernig voru fjallagrös matreidd í mjólk?

7. Kannast menn við no. ádrepa og 10. ádreputætt í sambandi við grautargerð? Hvað felst í þeim?

8. a) Voru viss orð notuð um bragð mjólkurmatar miðað við aldur hans eða annað (stöðubragð t.d. um mjólk, smér eða skyr)?

b) Voru viss orð notuð um viðhorf manna til mjólkurmatar (no. mjólkurbarn, skyrhákur, skyrgámur, lo. skyrvandur o.s.frv.)?

c) Voru viss orð notuð um magn matar, lítið eða mikið (hvítuspónn, skyrsetta t.d.)?

9. Skriðið hér vísur og orðtök um mjólkurmat og annan fróðleik, sem það efni varðar.

D. SMÉR

1. Hvað nefndist vinnan við að breyta rjómanum í smér (að strokka eða annað)? Hvort var sagt smér eða smjör? Var strokkað í bæði mál (kvöld og morgna)?

2. a) Hvað nefndist undirbúningur smérgerðar (að búa í strokkinn eða annað)? Lýsið honum.

b) Var strokkurinn yljaður innan með vatni, áður en byrjað var að strokka, á öllum árstímum? Hvað nefndist vatnið (strokkvatn t.d.)?

c) Hvað kallaðist hreyfing bullunnar í strokknum (bulluslög t.d.)? Hvað var vinnan nefnd (að skaka strokkinn eða annað)?

- d) Var algengt að telja bulluslögin í hvert sinn, er strokkað var og hve mörg voru þau ef allt gekk að óskum?
- e) Hvað var það kallað, er illa gekk að strokka, vegna þess, að rjóminn var of kaldur (strokkurinn er þrjótur t.d.) og hvað var þá tekið til bragðs? Voru orðin barningur og barningsmér einnig notuð um þetta?
- f) Hvað var það kallað, er smérgerð fór úrhendis, vegna þess, að rjóminn var of heitur (strokkurinn er úrbræddur, kramur eða annað), og hvað ver smérið nefnt (úrbræðingur, tilberasmér eða annað)?
- g) Kom fyrir, að tólg var sett í strokkinn til drýginda, í hvaða hlutfalli móti rjómanum, og hvað nefndist þá smérið (tólgarsmér eða annað)?
- h) Var nema einu sinni strokið niður í strokknum og hvernig var að því unnið? Hét það nokkuð annað?
- i) Var eitthvað sérstakt, sem farið var eftir með, að smérið væri fullstrokkað (strokkhljóðið t.d.), og hvaða orðum þá um það var farið (strokkurinn er skilinn t.d.)? Var einnig um þetta sagt: "Það er komið annað hljóð í strokkinn". Átti það aðra merkingu?
- j) Hvernig var starfað að því að taka smérið úr strokknum, og hvað nefndist það (að taka af strokknum t.d.)?
- k) Var smérið alltaf hnoðað upp úr köldu vatni? Í hvaða ílát? Hafði konan einnig kalt vatn við hödina til að þvo sér upp úr?
- l) Hvað kallaðist vinnan við að forma smérsköku (að slá, damla, demla sköku eða annað?
- m) Var skakan slegin á strokklokinu eða sérstakri smérfjöl?
- n) Hvað nefndist smérögn, sem börnum var gefin, er tekið var af strokknum (klípi, klípa eða annað)?
- o) Var áfunum hellt í sérstakt ílát? Hvernig voru þær notaðar til matar?
- p) Hvað kallaðist skolavatn úr strokki (strokkvatn t.d.)? Hvað var gert við það?

3. a) Hvað nefndist stór smérskaka (drymbi, hnuðlungur eða annað)?
- b) Hvað nefndist lítil smérkaka (skökubrýni, damla, demla eða annað)?
- c) Hvað nefndist smérstykki hnoðað úr mörgum smérskökum (bitlingur, smérböggull t.d.)? Var stærðin miðuð við ákveðna þyngd (fjórðung t.d.)?

4. a) Hvaða heiti voru notuð um smér eftir árstíðum og öðru (vetrarsmér, gróðrarsmér, sumarsmér, broddsmér, leignasmér o.s.frv.)?
- b) Hvað nefndist samandregið smér t.d. eftir sumarið (smérsafn eða annað)?
- c) Var þess minnst á einhvern hátt á bæjum, þegar búið var að safna í leigurnar?
- d) Hvað kallaðist illa verkað smér (gráðasmér eða annað)?
- e) Hvað kallast geymsluskemmd í sméri (farði, gráði eða annað)?
- f) Var talað um það, að smér tæki verkun, er það breyttist í súrt smér?
- g) Var sérstakt nafn notað um brætt smér (brísmér t.d.)
- h) Lýsið smérumbúðum á heimilium og í flutningum (líknarbelgur, skinn o.s.frv.).
- i) Var smér geymt í sýru? Hvernig var þá um það búið?
- j) Hvernig var geymslu smérs háttað að öðru leyti?

5. Kannast menn við orðtakið: "Það er ekkert að láta út í fjórðunginn, en að klína (verka) sig á honum það er meira". Hvernig var það notað? Er nokkur sögn til um það?

6. Var nýstrokkað smér notað til lækninga? Hvernig?

E. HLEYPÍR

1. Undir hvaða nafn gekk mjókurhleypir í mæltu máli (vinstrarlyf, hleypir, kæsir o.s.frv.)?
2. Hvernig var verkun hleypisvinstrar (hleypimaga) háttað? Var hún þurrkuð með því, sem í henni var? Var sett í hana broddmjólk? Hve mikið, einn spónn eða meira? Var sérstakt áhald (tréþípa eða fjöðurstafur) notað, er vinstri var blásin út?
3. Voru lambsvinstrar notaðar í hleypi?
4. Voru bolavinstrar betri en kvígúvinstrar? Hve mikið betri, allt að helmingi? Hvers vegna?
5. Gengu vinstrar kaupum og sölum? Hvaða gangverð var á þeim?
6. Hvar voru heypivinstrar hengdar upp til þerris og geymslu?
7. Var hleypivinstur bleytt og skorin í sundur, áður en hún var lögð í lyfjadallinn?
8. Hvaða lögur var settur á vinstri í dallinum (mjólk eða mysa t.d.), var látið fljóta yfir hana og daglega bætt við löginn eftir því sem hann eyddist?
9. Hvað nefndist mjólkurmýsa, sem sett var á vinstur (hleypimýsa, lyfjamýsa, þelamýsa t.d.)? Hvar var hún tekin, af skyrkeraldinu t.d.?
10. Var vinstri daglega snúið í dallinum?
11. Hve mikið var notað af hleypi saman við þetta á meðalbúi (einn spónn t.d.)?
12. Var algengt að hafa kúskel, eða aðra skel, í lyfjadallinum?
13. Hvað orðum var farið um styrkleika hleypis (hleypirinn er ör, daufur o.s.frv.)?
14. Var rullutala (tóbaks-) stundum sett í lyfjadallinn til að örvaðufan hleypi?
15. Voru lyfjagrös tínd til að bæta hleypi? Var eitthvert ákveðið magn notað (t.d. einn hnefi)? Voru grösin höfð í umbúðum? Voru þau kölluð annað en lyfjagrös, t.d. hleypigrös?
16. Hvenær var byrjað að nota saltvatn á hleypivinstur?
17. Segið frá öðru, sem varðar hleypi og hleypisgerð og sérstætt má kalla?

F. SKYR

1. a) Hvað nefndist vinna við skyrgerð í daglegu tali (að gera upp eða annað?) Og hvað nefndist nýgert skyr (uppsteypa að uppgerð t.d.)?
b) Var skyr sjaldan eða aldrei hleypt á vetrum?
c) Hvenær var byrjað að hleypa skyr á vorin (um fráfarur eða fyrr)?
d) Hvaða var það kallað, er hætt var að hleypa skyr á haustin (að fella skyr eða annað)?
2. a) Hvað kallaðist pottur, sem mjólk var flóuð í flóningar- eða flóunarpottur t.d.)?
b) Var jafnan borin feiti í flóningarpottinn, hvaða feitartegund, og hvað var verkið kallað (að fita pottinn t.d.)?

- c) Hvaða orð voru til um pottbragð af flóaðri mjólk (sengjubragð, hnissubragð, veiðimatarbragð, moðvelgjubragð t.d.)?
- d) Hvað orð voru notuð um bragðnæmi mjólkur (veiðimatarnæmi t.d.)?

- 3. a) Hvað nefndist skán, sem kom ofan á flóaða mjólk (börkur t.d.)?
- b) Var froða á flóningarpotti séreign smalans og nefnd smalafroða?
- c) Voru mjólkurskófir alltaf notaðar til matar og þá séreign einhvers heimilismanns, t.d. eldakonu?
- c) Var áfum ekki blandað saman við undanrennu, fyrr en hún var komin að suðu?

4. Var sauðamjólk og kúamjólk blandað saman við til skyrgerðar? Þótti skyr kostmeira og betra af sauðamjólk?

- 5. a) Hvað nefndist skyrspónn sem hleypir var hrærður út í (þétti t.d.) Var hann valinn úr skyri?
- b) Hvernig var farið að því að útbúa þetta, er byrjað var á skyrgerð að vori?
- d) Var þéttinn hrærður í sérstöku ílátí, sem til þess var ætlað?

- 6. a) Var eitthvað, sem farið var eftir, er mjólk þótti fullflouð?
- b) Eftir hverju var farið, er hæfilegt þótti að hleypa mjólkina?

- 7. a) Hvaða orðum var farið um það, er mjólk reyndist óhæf til skyrgerðar (mjólkinn er súr, gelluð, mænuð o.s.frv.)?
- b) Hvað nefndist smágerður drafli, er myndaðist í súrri, flóaðri mjók (mæringur t.d.)?
- c) Hvað kallaðist skyr, sem hleypt var í súrri mjólk (gellir, fluggellir, skollagellir eða annað)?
- d) Hvað kallaðist skyr, sem hleypt var í of heitri mjólk (kólfaskyr, graðhestaskyr o.s.frv.), og hvaða orðum var farið um aðdraganda þess (það hleypur niður í kirnunni t.d.)?
- e) Hvað kallaðist skyr sem var hleypt við of lágt hitsstig (kuldaskyr, glundur eða annað), og hvað kallaðist bragð þess (kaldabragð t.d.)?

- 8. a) Var skyrkeraldið byrgt, meðan skyrið var að hlaupa?
- b) Hvaða orðum var farið um það, er skyr var að hlaupa í keraldi (það er að síga saman, hlaupa saman í keraldinu t.d.)?
- c) Var kross markaður í hlaupið, með hverju (spæni t.d.) og í hvaða tilgangi?
- d) Á hvaða tíma dags var skyr hleypt, hvenær var það sett á síu og hvenær tekið af henni? Fór þetta eftir vissri reglu, t.d. miðað við máltíðir, færslutíma á engjar eða annað?

- 9. a) Hvað kallaðist kúla, sem myndaðist á botni skyrkeralds (gráðakúla, þéljakúla, lyfjakúla, hleypiskúla t.d.)? Var hún höfð til matar?
- b) Hvað kallaðist annars botnfall í skyrkeröldum (kjór, urn t.d.)? Var sama orð notað um botnfall í mysu?

- 10. a) Hvað nefndist nýtt, ósíað skyr (ólekja t.d.)?
- b) Var ósíað skyr stundum skammtað til matar?
- c) Var ólekja sett saman í sái? Hvernig var það að henni hugað, mysa ausin brott eða töppuð af smásaman? Hvað kallaðist þetta skyr (hvítsúrn t.d.)?
- d) voru matvæli geymd í ólekju (magálar og slátur t.d.)?
- e) Var gulrófnakál sett saman við ólekju, eða annað skyr? Var það sett saxað og soðið í sáinn? Hvað nefndist skyr blandað káli (kálsúrn t.d.)? Hvernig var það gefið til matar, saman við flóaða mjólk t.d.? Var kál einnig sett saman við síru?

11. a) Hvað kallaðist síað skyr (sigið, lekið skyr t.d.)?
 b) Var síuðu skyri safnað til vetrarforða? Hvað var sá forði kallaður (skyrsafn, súrt skyr, fornskyr eða annað? Var í því sambandi um það rætt "að eiga undan sumri"?
 c) Hvað orðum var farið um efnabreytingu í súru skyri (skyrið brýtur sig t.d.)?
 d) Var öðru hverju hrært í skyránum? Hversvegna?
 e) Hvaða matvæli (kjötmatur, fiskæti, egg o.fl.) voru geymd í súru skyri og hvernig var þeim komið þar fyrir (soðin, ósoðin, í lögum eða hrært saman við)? Segið frá einstökum réttum súrmatar (magállum, heilagfiski, sporðum, selshreifum, kútmögum o.s. frv.). Voru ber tínd í skyrið? Hvað var það kallað (að tína í safnið t.d.)? Voru bein og tálkn barin, í safnið?
 f) Hvernig var búið um sá með fullbrotnu skyri (settur á hlemmur og feiti brædd með börmum t.d.)?
 g) Hvað nefndist feiti, sem var brædd á sái (kerjasmér, kerjatólg t.d.) og hvað var síðar við hana gert?
 h) Kom fyrir, að brætt var yfir sái með deigulmó (smiðjuleir) ef feitar var vant?
 i) Gekk súrt skyr kaupum og sölum, og var fast verðlag á því (mjölvæg vara t.d.)?
 j) Var súrt skyr etið framar öðrum mat við viss tækifæri, t.d. ef farið var á sjó eða út í hrið?

12. a) Var skyr stundum látið hlaupa "af sjálfu sér", og hvað var sú skyrgerð kölluð (kaldahlaup, uppsteypa, sjálfhleypa eða annað)?
 b) Var þá hleypt með venjulegum hætti í sánum í fyrsta sinn? Hvernig var mjólkinni hellt í sáinn úr því? Máttu brestir (sprungur) koma í hlaupið, sem undir var?
 c) Var þetta fremur gert við sauðamjólkk en kúamjólkk?
 d) Hvernig var mysan fjarlægð úr sánum?

13. a) Var mjólk hellt saman í sái og gerð af súrmjólk? Hvernig var hún notuð til matar?
 b) Gekk súrmjólk kaupum og sölum til verstöðva?

14. Kannast menn við orðtakið "að vera eins og sleiktur úr þéli"? Hvernig var það notað?

G. OSTAGERÐ

1. Hvað nefndist vinna við að gera ost (að taka ost eða annað)?
2. Voru sérstakar ostagerðarkonur, sem ferðusðust milli bæja, er þörf krafði?
3. Hvernig var farið að því að taka hleypiostr? Minnst m.a. eftirfarandi atriða: Var mjólkinn látin sjóða? Hvernig var ákveðið hæfilegt hitastig til að hleypa mjólkina? Hvernig var hleypt (magn hleypis o.fl.)? Var ostadraflinn tekinn saman með höndum í pottinum? Hvernig var honum komið fyrir í ostamótinu? Var osturinn saltaður og þá hvernig? Hvar var hann þurrkaður og hvernig var geymslu hans háttað? Var orðið ostaperrir notað um sólarlausan vindblástur? Voru til margar tegundir hleypiostra? Hvað hétu þær? Hvað hét lítill osthleifur, kjúka t.d.? Hvernig voru hleypiostrar gefnir til matar, einir sér eða með öðrum mat? Var ostur aldrei gefinn þurr (þ.e. smérlaus) til matar?
4. Lýsið á sama hátt, hvernig farið var að því að taka ystan ost. Var sýra notuð til að ysta mjólkina. Hve mikil? Var draflinn tekinn upp með ausu? Var hann settur í ostamót eða ostapoka? Hvenær var osturinn gefinn til matar, og hvernig var hann þá matbúinn, einn sér eða með öðrum mat?

5. Hvað hét draflahrat, sem varð eftir í mysu við ostagerð; millumdrafli eða annað? Var hleypt upp suðu á mysunni til að þétta það? Var gerður smáostur úr því? Hvernig? Hvað kallaðist hann?

6. Var gerður sérstakur ostur úr froðu og skófum? Hvernig, og hvað kallaðist hann (froðu- eða skófnaostur t.d.)?

7. Hvernig var unnið að því að taka mysuost? Var hann gerður af eintómri mysu eða öðrum efnum bætt í, t.d. mjólk og sykri? Hvernig var hann geymdur (ílát og geymslustaður)?

8. Lýsið hvernig vellidrafli eða velluostur var matbúinn. Kallaðist hann annað, t.d. vella eða velludrafli? Var hann helzt matbúinn við viss tækifæri, t.d. í veizlur til að fagna vermönnum eða ferðamönnum? Var þá talað um að vella móti mönnum?

9. Voru sérstakir ostar gerðir úr sauða- eða geitamjólk?

H. SÝRA

1 a) var skyrmysu safnað í sérstakt ker? Hvað nefndist hún (sýra eða annað)?

b) Hvað nefndist gerð (efnabreyting) í sýru (sýran brýtur sig, ryður sig eða annað)?

c) Hvað nefndist botnfall í sýru (kjór, jastur eða annað)?

d) Hvað nefndist skán, sem myndaðist ofan á sýru (hjastur, jastur, gráði, skilma, skúm eða annað)?

e) Var sérstaklega vandað til verkunar á sýru, sem nota átti til drykkjar? Hvernig var hreinsun hennar háttáð? Hvenær var hún talin fullgild til drykkjar (tveggja ára t.d.)?

f) Hvað var gert við sýru, sem staðið hafði á slátari?

g) Var fast gangverð á sýru í viðskiptum? Voru farnar sýruferðir til verstöðva? Lýsið þeim.

2. a) Þekkjast sagnir um það, að skyr og sýra hafi verið soðin saman til matar? Hvað hét sá réttur (strjúgur eða annað)?

b) Voru bein lögð í sýru og notuð til matar? Hvað kölluðust þau þá (beinastjúgur t.d.)?

c) Hvaða matvæli voru geymd í sýru, önnur en slátur?

d) Var hlemmur látinn fljóta ofan á sýru? Hvað var hann kallaður (sýruhlemmur t.d.)?

I. ÞJÓÐTRÚ

1. Voru mjólkurílát á einhvern hátt helguð að loknum þvotti eða um leið og mólk var hellt í þau og þá á hvern hátt (sign yfir þau, blásið í kross yfir þau t.d.)?

2. Þekkjast munnlegar sagnir eða orðtök um tilbera (snakk)?

3. Var eitthvert mark tekið á því, ef illa gekk að strokka?

4. Boðaði það nokkuð sérstakt ef helltist niður úr strokknum eða öðru mjólkurílátí?

5. Var kross markaður á skökuna, er tekið var af strokknum? Hvernig?

6. Var krossað á allar hliðar smérbitlinga, sem ætlaður var í leigur eða til sölu og þá á hvern hátt (skákross t.d.)?

7. Var tekið mark á því gagnvart veðri eða öðru, ef mikið ólgraði í skyrásanum?

8. Var spáð fyrir veðri eftir skán, sem safnaðist ofan á sýru?

9. Hvað boðaði mjólk eða mjólkurmatur í draumi?

10. Var gripið til vissra spurninga, er mönnum svelgdist á mat eða fengu hiksta (Hefurðu sofið á lyfjadallinum? Hefurðu stolið rjóma? t.d.)? Í hvaða tilgangi?

11. Kannast menn við annað, er snertir mjólkurmat í þjóðsiðum og þjóðtrú?

J. AUKABLAÐ

Um aldraðir iðkuðu Íslendingar fuglaveiðar með snörum. Margar gerðir af fuglasnörum hafa verið í notkun til sjávar og sveitar. Lýsið hér fuglasnörum, svo sem föng eru á. Hvaða efni var notað í snörur? Hvernig var það unnið? Hvernig var sjálf snaran gerð? Við hvað var hún tengd (hlera, skaft, vað t.d.)? Var snörunni kastað á fuglinn eða um hann vitjað? Festi fuglinn fætur eða höfuð í snörunni? Var notað agn? Hverskonar? Getið um heiti á snörum og einstökum hlutum þeirra. Teiknið snörur ef tók eru á. Hvaða sjávarfuglar voru veiddir í snörur? En landfuglar (rjúpur, kjóar t.d.)?